



Hafnarfjörður

Á fundi Öldungaráðs þann 16.mars 2022 var bókuð eftirfarandi umsögn um drög að reglum Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu.

Umsögn um reglur Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu

- Öldungaráð veitir nýjum reglum jákvæða umsögn og fagnar C lið í 3. grein reglana, þar sem stendur: *Einstaklingsstuðningur sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku.*
- Þórdís telur að vanta þurfi aukna þjónustu og upplýsinga til þeirra sem eldri eru en 67 ára og hafi ekki nýtt sér þjónustu sem í boði er.
- Herdís greindi frá því að hún, sem félagsráðgjafi og ráðgjafi í málefnum eldri borgara muni vera með viðveru og einstaklingsráðgjöf í Hraunseli á tveggja vikna fresti. Í vikunni á móti mun Erna Aradóttir, lögfræðingur og sérfræðingur í Stuðnings- og stoðþjónustudeild Hafnarfjarðar vera með viðveru og einstaklingsráðgjöf. Dagsetningar verða auglýstar á heimasíður FEBH.

Hafnarfjörður 17.mars 2022
Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs